

Dómsmálaráðuneytið
Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 26. apríl 2018.

Efni: Skýrsla vinnuhóps um gjafsóknarmálefni – krafa um úrbætur.

Í lok árs 2015 setti stjórn Lögmannafélags Íslands á laggirnar sérstakan vinnuhóp til að fara yfir regluverk gjafsóknar hér á landi og stilla jafnframt upp tillögum til úrbóta. Vinnuhópurinn skilaði nýverið skýrslu um málið til stjórnar félagsins sem hefur að geyma úttekt á stöðu gjafsóknar hér á landi ásamt tillögum um úrbætur og fylgir eintak skýrslunnar hér með.

Líkt og tekið er fram í skýrslunni þá telur vinnuhópurinn að lagaskilyrði fyrir gjafsókn séu í grunninn góð og ekki sé tilefni til að breyta ákvæðum einkamálalaga svo neinu nemi. Hins vegar hafi töluvert verið þrengt að réttinum til gjafsóknar bæði í reglugerðarheimildum og í framkvæmd. Því þurfi að breyta.

Í skýrslu vinnuhópsins er m.a. bent á nauðsyn þess að hækka tekjuviðmið núverandi gjafsóknarreglna sem sé óhóflega lágt og talsvert undir grunnneysluviðmiði velferðarráðuneytisins og neysluviðmiði í reiknilíkani Stjórnarráðs Íslands. Tekjuviðmið gjafsóknar sé nú kr. 2.000.000 fyrir einstakling og kr. 3.000.000 fyrir hjón eða sambúðarfólk. Til samamburðar séu tekjuviðmið samkvæmt dönskum reglum um gjafsókn kr. 5.300.000 fyrir einstakling og kr. 6.800.000 fyrir hjón eða sambúðarfólk og í Noregi liggi umrædd mörk við kr. 3.450.000 hjá einstaklingum og kr. 4.735.000 hjá sambúðarfólki. Leggur vinnuhópurinn til að endurskoðuð tekjumörk taki í það minnsta mið af samningsbundnum lágmarkslaunum hverju sinni og að fjárhæðin sé vísi-tölutengd. Einnig sé vert að skoða hvort rétt sé að afnema sameiginlegt tekjuviðmið fyrir hjón og meta tekjur sérhvers umsækjanda óháð hjúskaparstöðu hans.

Einnig bendir vinnuhópurinn á að ákvæði b-liðar 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sem hefur að geyma heimild til gjafsóknar án tillits til fjárhags umsækjenda ef úr-lausn máls er talin hafa verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, fél-agslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda, sé óhóflega matskennt.

Þá telur vinnuhópurinn að núverandi framkvæmd við ákvörðun þóknunar til lögmanna í gjaf-sóknarmálum halli verulega á lögmenn. Eins og lög og framkvæmd gjafsóknarmála sé háttað ákveði t.a.m. dómkvaddir matsmenn sem koma að gjafsóknarmálum sjálfir þóknun sína og fá framlagða reikninga greidda að fullu. Á sama tíma sé þóknun lögmanna ákveðin af dómara og gjarnan lækkuð án nokkurs rökstuðnings.

Ennfremur telur vinnuhópurinn nauðsynlegt að bæta við heimildum til að veita aðstoð vegna reksturs mála fyrir stjórnvöldum. Í því samhengi er bent á að mál fyrir stjórnvöldum séu oft á tíðum undanfari dómsmála og lögmannaaðstoð því gjarnan nauðsynleg við rekstur slíkra mála á því stigi. Íslenska gjafsóknarkerfið sé eftirbátur hinna norrænu hvað þennan þátt varðar.

Loks er bent á það í skýrslu vinnuhópsins að þar sem gjafsókn sé takmörkuð við rekstur máls fyrir héraðsdómstólum sé á grundvelli veittrar gjafsóknarheimildar ómögulegt að kæra réttarfarsleg




atriði til Landsréttar, sem takmarki því aðgang aðila að dómstólum. Úr þessu verði að bæta þannig að veiting gjafsóknar taki til allra þeirra atriða sem lúta að rekstri máls fyrir héraðsdómi, sem og kæru réttarfarsatriða til Landsréttar.

Með vísan til framkominna tillagna vinnuhóps Lögmannafélags Íslands fer stjórn félagsins þess á leit við dómsmálaráðherra að hann beiti sér tafarlaust fyrir nauðsynlegum breytingum á fyrirkomulagi gjafsóknar til samræmis við tillögur vinnuhópsins.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Lögmannafélags Íslands.


Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.

Afrit: Forsætisráðherra
Alþingismenn
Fjölmiðlar